




Tökum höndum saman og eflum heilbrigða vinnustaðamenningu

Viðrun



Samtal starfsfólks og stjórnanda til að stuðla að heilbrigðum samskiptum og fyrirbyggja einelti, áreitni og ofbeldi í vinnuumhverfinu

Í myndbandinu *Einelti, áreitni og ofbeldi: Hvernig eru viðbrögðin á þínum vinnustað?* er fjallað um viðrun sem leið fyrir vinnustaði til að draga úr líkum á að einelti, áreitni og ofbeldi eigi sér stað og viðgangist í vinnuumhverfinu. Hér að neðan er að finna nánari upplýsingar um hvað viðrun getur falið í sér.



Eitt af því sem stjórnandi getur gert til að stuðla að heilbrigðum samskiptum og fyrirbyggja einelti, áreitni og ofbeldi er að skapa vettvang fyrir starfsfólk til að viðra upplifun sína af vinnuumhverfinu, þar með talið samskipti við samstarfsfólk eða þriðja aðila.



Viðrun getur verið hvetjandi fyrir starfsfólk til að ræða samskiptavanda eða kvörtun vegna ætlaðs eineltis, áreitni eða ofbeldis á vinnustað. Viðrun gefur stjórnendum jafnframt tækifæri til að veita nauðsynlegar upplýsingar og stuðning svo sem hvað felst í málsmeðferð, ræða um skilgreiningar, ferli kvörtunar og hvaða aðilar komi að slíkri vinnu.



Viðrun felur í sér að skapa öruggar aðstæður fyrir starfsfólk til að tjá upplifun sína af samskiptum eða öðrum þáttum í vinnuumhverfinu. Því er mikilvægt að vel sé tekið á móti því þegar það nálgast stjórnandann með upplifun sína af vinnuumhverfinu.



Viðrun getur aukið traust og þar af leiðandi leitt til þess að stjórnendur fái fyrir og milliliðalaust upplýsingar um erfið samskipti. Það leiðir af sér að unnt er að stíga snemma inn í málin og oft er þá hægt að bregðast við áður en til dæmis samskiptavandi stigmagnast og þróast út í einelti, áreitni og ofbeldi.

Viðrun getur haft jákvæð áhrif á menningu vinnustaða og öryggi og vellíðan starfsfólks. Hún hvetur starfsfólk og stjórnendur til opinna og heiðarlegra samskipta, stuðlar að trausti og ábyrgum samskiptum en allt eru þetta þættir sem leggja grunn að heilbrigðri vinnustaðamenningu og fyrirbyggja að einelti, áreitni og ofbeldi viðgangist í vinnuumhverfinu.

Einnig er minnt á [gagnvirkt flæðirit um feril mála](#).